

Flóahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Pingborg
801 Selfoss

Reykjavík, 18. júlí 2024
UST202407-235/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 - Hjálmholt

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að legu frístundabyggðarinnar (F22) verði breytt og muni liggja meðfram Hvítá en stærð þess verði óbreytt, á um 20 ha svæði austan við efnisnámuna E6 verði gert ráð fyrir verslun - og þjónustu, legu efnisnámunar E6 er breytt, en stærð svæðisins verði óbreytt og skilgreint verður vatnsból og vatnsverndarsvæði.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹ í greinargerð. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn). Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur